

Ágæti þátttakandi

Fyrst vil ég bjóða þig velkominn námskeið Sjúkraflutningaskólans í Vettvangshjálpi (First Responder) fyrir lögreglunema hjá HA.

Námskeiðið er byggt á viðurkenndum bandarískum staðli og er ætlað þeim sem eru líklegir til að þurfa að sinna slösuðum og/eða veikum sjúklingum þar til heilbrigðisstarfsfólk tekur við. Námskeiðið byggist upp á bóklegum fyrirlestrum og verklegum æfingum og lýkur með verklegu og bóklegu prófi.

Kennslubókin er þessi: American Academy of Orthopaedic Surgeons (AAOS), (2018). Emergency medical responder, 6. útgáfa. Jones & Bartlett Learning. (fæst í Bóksölu Stúdenta)

Mikilvægt er að lesa hana jafnhliða áhorfi á fyrirlestra og verður að vera búin að tileinka sér efnið úr hvorutveggja áður en mætt er í verklega lotu.

Krafist er 75% árangurs úr námsefninu auk skylduáhorfs á fyrirlestra og 100% mætingar í verklegar æfingar og fá nemendur prófskirteini af loknu námskeiði.

Með þessum pósti fáið þið aðgang að Moodle kennslukerfinu þar sem þið komist í alla fyrirlestrana. Þar eru allir kaflarnir í röð. Undir hverjum kafla finnið þið fyrirlestrana.

Til að komast inn í Moodle þá farið inn á þessa slóð:

<https://moodle.vma.is/>

Notendanafn er HA netfangið ykkar.

Lykilorð er farsímanúmerið ykkar.

Fyrirlestrana þarf að horfa á og lesa bókina samhliða.

Mælt er með því að þið skipuleggið tímann ykkar vel og minnt er á að við áhorf á fyrirlestrana þarf nemandi að einbeita sér og ekki gera neitt annað á meðan! Notið góð heyrnartól til að útiloka annan hávaða eða truflun. Gott er að fletta bókinni samhliða.

Þetta er mikið efni, sem þarf að fara yfir og þarf að gjörnýta tímann.

Þegar mætt er á verklega lotu er ætlast til að nemendur séu tilbúnir og búnir að tileinka sér það bóklegaefni sem farið hefur verið yfir.

Verkleg lota verður 27.-29. janúar, 2020., í Sandgerði (slökkvistöð). Þá verða einnig bókleg og verkleg próf. Kennt er frá 8.-17. alla dagana, hugsanlega styttra síðasta daginn v. verklegra prófa.

Umsjónarmaður er Eypór Rúnar Þórarinsson bráðataeknir hjá Brunavörnum Suðurnesja.

Hægt verður að horfa / hlusta á fyrirlestra á tímabilinu þar til verklegri lotu er lokið.

Með von um gott gengi og góða skemmtun á námskeiðinu.

Með kveðju

Ingimar Eydal

Skólastjóri Sjúkraflutningaskólans

www.ems.is

Sími 463 0853